

Fundur í stjórn Nausts, haldinn þriðjudaginn 20. mars kl. 12:00 á skrifstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn.

Mætt: Gunnólfur Lárusson framkvæmdastjóri, Ásta Laufey Þórarinsdóttir og Ragnhildur Karlsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Kristín Thorberg og Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Rekstrartölur ársins 2011 og jan.-feb. 2012.

Farið yfir rekstraryfirlit ársins 2011 og fyrstu tvo mánuði ársins 2012.

Mjög hefur dregið úr rekstrarkostnaði heimilisins og launakostnaður fer minnkandi.

Tekjur hafa jafnframt aukist undanfarna mánuði. En betur má ef duga skal og enn verður lögð áhersla á aðhald í rekstri og áfram unnið að því að auka tekjur.

2. Starfsmannamál

Í dag starfa 10 manns á Nausti, í um 8 stöðugildum.

Vismenn í dag eru 11 talsins; 7 í hjúkrunarrými, 1 dvalarrými og 3 í dagvistunarrými.

Samþykkt að Kristín leggi fram drög að breyttu starfsskipulagi og kynni fyrir starfsfólki.

3. Iðjubjálfun

Kristín upplýsir að í kjölfar uppsagnar á iðjubjálfa, hefur ekki verið unnið markvisst að iðjubjálfun fyrir vistmenn líkt og var áður. Rætt um að mikilvægi þess að halda áfram að veita þjónustu af þessu tagi.

4. Viðveruskráningarkerfi

Stimpilklukka sem rætt var um að kaupa sl. haust hefur enn ekki verið keypt.

Ákveðið að taka málið upp að nýju og skoða kaup á kerfinu að nýju.

5. Aðsókn á Naust

Íbúum sveitarfélagsins 60 og eldri hefur verið boðið í hádegismat einu sinni í viku undanfarnar vikur. Kristín telur þetta opna umræðuna um Naust og muni jafnvel skila sér í bættri aðsókn þegar fram í sækir.

6. Önnur mál

- Ekki hafa enn borist niðurstöður úr viðhorfskönnun til heimilisins. Framkvæmdastjóra falið að ganga frekar eftir þeim.
- Óskað hefur verið eftir gögnum frá Tryggingastofnun varðandi nýtingu á hjúkrunar-, dvalar- og dagvistunarrýmum undanfarin 2 ár. Framkvæmda falið að ganga á eftir þessu og koma upplýsingum áleiðis til stjórnarmanna þegar gögnin berast.
- Framkvæmdastjóri hefur kannað möguleika á að koma Nausti á föst fjárlög. Þeir virðast fremur takmarkaðir og ekki mjög fýsilegir. Áfram verður þó unnið í málinu.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 13:45.